

Sveitarfélagið Ölfus  
Sigurður Jónsson,  
skipulags- og byggingarfulltrúi  
Hafnarbergi 1  
815 Þorlákshöfn



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 5. október 2012  
Tilvísun: UST20120600096/ksj

**Svör við erindi skipulags- og byggingarfulltrúa Sveitarfélagsins Ölfuss. Erindið varðar svör bæjarstjórnar Ölfuss við umsögn Umhverfisstofnunar um tillögu að aðalskipulagi Sveitarfélagsins Ölfuss 2010 - 2022**

Við er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Sveitarfélagsins Ölfuss er barst 10. september sl. þar sem fram koma svör bæjarstjórnar Ölfuss við umsögn Umhverfisstofnunar um tillögu að aðalskipulagi Sveitarfélagsins Ölfuss 2010-2022.

Þann 15. júní sl. barst erindi frá Sveitarfélaginu Ölfusi þar sem óskað var umsagnar um tillögu að aðalskipulagi Sveitarfélagsins Ölfus 2010 – 2022. Umsögn um tillöguna var send til Sveitarfélagsins Ölfuss og Skipulagsstofnunar þann 6. júlí sl.

Umhverfisstofnun vill koma eftirfarandi á framfæri varðandi svör bæjarstjórnar Ölfuss:

**Íbúðarsvæði:** Umhverfisstofnun bendir á að athugasemdir við stefnu Ölfuss varðandi búgarðabyggingar eru ekki gerðar út frá drögum að landsskipulagsstefnu, heldur er vitnað í drögin til stuðnings við umsögn Umhverfisstofnunar.

Einnig bendir Umhverfisstofnun á að í umsögn stofnunarinnar kemur fram að áætlanir Ölfuss um dreifðar byggðir falli ekki að Rammasamning Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar (Río de Janeiro 1992), enda var sá samningur á lista yfir markmið og ákvæði alþjóðlegra samþykka sem voru lögð til grundvallar framtíðarsýn og stefnu þeirri tillögu aðalskipulags Ölfuss er þá var til umsagnar og er enn. Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur hvergi fram að Ölfus uppfylli ekki sáttmála Rammasamning Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar (Río de Janeiro 1992).

**Efnistökusvæði:** Í tillögu að aðalskipulagi Sveitarfélagsins Ölfus er á þemaupprætti sýnd þau efnistökusvæði sem áætluð eru til efnistöku á aðalskipulagstímabilinu. Alls eru sýnd 15 svæði. Í Lambafelli er eitt af stærri efnistökusvæðum landsins. Í tillögunni er einnig gert ráð fyrir efnistöku í Sandfelli sem liggur nærri Þrengslavegi. Það er mat Umhverfisstofnunar að þar sem vegalengd er aðeins 6 km milli Lambafells og Sandfells, þá sé það ekki í samræmi

við stefnuna um fá og stór efnistökusvæði, að hafa báðar námurnar opnar.

**Fráveita:** Að mati Umhverfisstofnunar er ekki nægilegt að Umhverfisstofnun hafi þekkingu á fráveitumálum Sveitarfélagsins Ölfuss. Í greinargerð aðalskipulagstillögu skulu vera sem gleggstar upplýsingar um stöðu fráveitumála, ekki síst fyrir íbúa Ölfuss. Að mati Umhverfisstofnunar eiga þær upplýsingar er fram koma í svari bæjarstjórnar Ölfuss við umsögn Umhverfisstofnunar um einsþreps dælustöð og stöðu rotþróa innan sveitarfélagsins erindi í þann hluta greinargerðar er fjallar um stöðu mála í dag. Í reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp eru skýr tímasett fyrirmæli um úrlausnir í fráveitumálum. Umhverfisstofnun bendir því á að markmið um fráveitur í aðalskipulagsáætlun eiga að vera tímasettar.

Virðingarfyllst

*A. Björg B. Guð.*  
Aðalbjörg B Guttormsdóttir  
Deildarstjóri

*Kristín S. Jónsdóttir*  
Kristín S Jónsdóttir  
Sérfræðingur

Skipulagsstofnun